

14
4. marz

9. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal læknir semja ársskýrslu í tvennu lagi um heilsufar í hælínu á umliðnu ári. Skal þeirri skýrslu fylgja sundurliðuð skrá yfir krankleika fanganna. Fær stjórnarnefnd hælísins annað skýrslueintakið, en landlæknir hitt.

10. gr.

Læknir skal heimsækja alla fangana tvisvar í mánuði að minnsta kosti, og auk þess gegna nær sem hans er vitjað vegna veikinda.

Um fastar heimsóknir læknis fer eftir samkomulagi við forstöðumann.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. marz 1929.

Jónas Jónsson. 

St. Gunnlaugsson.

15
18 marz

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Söfnunarsjóð

Rauðasandshrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 18. marz 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Söfnunarsjóð Rauðasandshrepps“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Söfnunarsjóður Rauðasandshrepps“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 100.00 árlegu tillagi frá Rauðasandshreppi, fyrsta sinni árið 1925, og eykst með sama árstíllagi í 105 ár frá stofnari, eða til ársins 2030. Vextir skulu árlega leggjast við höfuðstól, og má ekki skerða hann til 2030.

3. gr.

Árið 2030 skal fyrsta sinni úthluta $\frac{4}{5}$ — fjórum fimmtu —

hlutum af vöxtum sjóðsins það ár og síðan árlega sama vaxtahluta samkvæmt eftirfarandi ákvörðun, en $\frac{1}{5}$ — einn fimmti — hluti ársvaxta sakl leggjast við höfuðstólinn. 15
18. marz

Þegar sjóðurinn er orðinn 200000 kr. skal $\frac{9}{10}$ hlutum vaxtanna úthlutað árlega, en $\frac{1}{10}$ hluti leggist við höfuðstól.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skal einn kjörinn af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, annar af hreppsnefnd Rauðasandshrepps, og skulu þeir báðir búsettir í hreppnum. Hinn þriðji skal vera sóknarprestur Sauðlauksdalsprestakalls, og er hann sjálfkjörinn.

Nefndin skiftir með sér verkum. Stjórnin hafi á hendi stjórn og umsjón sjóðsins og reikningshald hans og skal hafa löggilta gerðabók.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu gerðir upp í janúar og lagðir fyrir hreppsnefnd til endurskoðunar, ásamt öllum gerðum stjórnarinnar. Sjóðurinn sé háður eftirliti sýslunefndar.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta á tryggum stað undir umsjón stjórnarinnar og með samþykki sýslunefndar. Að jöfnu öryggi fengnu, skal er unnt er, ávaxta sjóðinn innan Rauðasandshrepps, þó svo að hann ávaxtist ekki minna heldur en á öðrum stöðum, sem telja má fulltrygga.

7. gr.

Því fé, er kemur til úthlutunar samkvæmt 2. gr., skal varið sem hér segir:

1. Þrem fjórðu hlutum úthlutunarfjárins skal varið til þess að styrkja til efnalegrar sjálfbjargar fátæklinga, sem ella mundu verða sveitarsjóði Rauðasandshrepps til byrðar, hvort heldur er fyrir sakir æsku eða elli, heilsuleysis, örkumla, ómegðar eða efnalegra áfalla eða annara slíkra atvika.

Purfi eitthvert ár ekki að verja greindri fjárhæð allri í þessu skyni, skal afgangi hennar varið til þess að létta á annan hátt byrðar sveitarsjóðs og minnka að sama skapi aukaútsvör hreppsúa eða þau gjöld, er kynnu að samsvara þeim.

2. Einum áttunda hluta úthlutunarfjárins skal varið til þess að verðlauna framúrskarandi atorku og framtakssemi innan hrepps, í verklegum eignum, ellegar efla og styrkja verklega dáð og nytsemi innan hreppsins.

- 15 3. Afganginum — einum áttunda hluta — af úthlutunarfénu skal
18. marz varið til menningarbóta innan hreppsins, svo sem til þess að styrkja skólahlald fyrir nemendur eldri en 14 ára, fræðibókasöfn, fyrirlestrahald, námsskeið eða annað þvílíkt, er tvímælalaust má telja andlegan menningarauka fyrir hreppsþúa.

8. gr.

Leita ber konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

- 16 STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá um Nemendasjóð
19. marz séra Magnúsar Helgasonar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 19. marz 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um

Nemendasjóð séra Magnúsar Helgasonar.

1. gr.

Sjóður þessi er þannig til orðinn, að stjórn kennarasambandsins afhenti séra Magnúsi Helgasyni 500 krónur, er voru afgang af samskotum til minningargjafar, er nemendur hans gáfu honum sjötugum, og fylgdi þessi formáli: „Þessar 500 kr. eru afhentar sem vísir að sjóði, sem kenndur sé til nafns séra Magnúsar og nemanda hans og sé á sínum tíma varið nemöndum í kennaraskólanum á einhvern hátt til gagns, eftir nánari ráðstöfun séra Magnúsar sjálfs.

Svo er og til ætlazt af geföndum, að sjóðurinn taki framvegis við því fé, er í hann kann að verða gefið séra Magnúsi til sæmdar og virðingar, og sé þetta tekið fram í reglum um sjóðinn“.

Við þessa gjöf nemanda hefir séra Magnús bætt 500 krónum, svo að sjóðurinn er nú eitt þúsund krónur og vextir að auki af 500 kr. frá 13. júní f.á. Samkvæmt fyrirmælum gefanda skal hann heita Nemendasjóður séra Magnúsar Helgasonar.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera lánssjóður til styrktar nemöndum Kennarskólans á námsárunum. Skólastjóri, ásamt 2 kennurum þeim, er lengst hafa kennt við skólann, hefir stjórn og umsjá sjóðsins á hendi, veitir